47 8. maí **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa Fjallaprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn til Fjallaþinga, Þorvarður prófastur Þorvarðarson, taki 700 króna lán, sem þó eigi verður veitt úr landssjóði, uppá prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu Víðihóli baðstofu, er verði 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd, gegn því að lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 14 árum. Að öðru leyti er lán þetta hinum venjulegu skilyrðum bundið.

Þetta er yður til vitundar-gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

48 14. maí

Reglugjörð

handa sóttvarnarnefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands er sett eptirfarandi reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

I. kafli.

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

»Sóttvarnarlög« merkir í reglugjörð þessari lög nr. 34. 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Orðin »útlönd«, »skip«, »sóttgæzluskírteini«, »erlendar sóttir«, »heilbrigðisvottorð«, »sóttgæzlumaður«, »höfn«, »farangur«, »bannaður farangur« hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra í 1. gr. sóttvarnarlaganna.

»Næmur sjúkdómur« hefir jafn víðtæka merkingu, sem í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

2. gr.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um að sóttvarnarlögunum sje hlýtt, og ber þeim sjerstaklega að ganga ríkt eptir því:

1, að hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætlar að hafa samband við land eða við landsbúa, hafi meðferðis sóttgæzluskírteini frá brottfararstað sínum, og ef hann er utanríkis, skal skírteinið staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sje hann þar enginn, þá af yfirvaldi;

2, að ekkert aðkomuskip (sbr. 5. gr.) og ekkert fiskiskip frá öðru ríki (þó að það hafi heilbrigðisvottorð) hleypi ótilneytt mönnum eða farangri á land annarstaðar en á höfnum (sbr. 6. gr.);

3, að íslenzk skip taki ekki utan hafna án brýnnar nauðsynar við farangri úr utanríkisskipum, hvorki innan landhelgi nje utan;

4, að enginn án brýnnar nauðsynar leyfi inn í híbýli sín eða eigi nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis;